

Sp.

464. Svar

[166. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Júlíusar Sólnes um innlendar skipasmíðar.

1. Skip í smíðum erlendis.

Samkvæmt upplýsingum Skipaskoðunar ríkisins er nú 21 þilfarsskip í smíðum á vegum íslenskra aðila erlendis, frá 70 tonnum upp í 900 tonn að stærð (sjö í Póllandi, sex í Svíþjóð og átta í Noregi).

2. Fjármögnun úr íslenskum fjárfestingar- og lánasjóðum.

Fiskveiðasjóður hefur veitt eftirtalin lán til skipa sem eru í smíðum erlendis (upphæðir í þús. kr.):

Skipsgerð	Smíðaland	Verð	Lán
1986			
1. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Noregur	80 400	48 240
2. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Noregur	54 700	32 821
3. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Pólland	59 000	35 400
1987			
4. Loðnuskip	Noregur	325 000	195 000
5. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Svíþjóð	155 000	93 000
6. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Pólland	35 400	21 195
7. Skuttogari	Noregur	261 000	147 600
8. Skuttogari	Noregur	312 000	187 198
9. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	122 000	72 000
10. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Pólland	30 000	19 000
11. Loðnuskip	Noregur	359 000	215 000
12. Skuttogari	Noregur	265 000	150 000
13. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	111 000	66 600
14. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	31 000	19 650
15. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Noregur	106 800	65 100
16. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	44 000	24 400
17. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Svíþjóð	152 200	91 291
18. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Svíþjóð	42 000	25 163
19. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	128 500	77 103
20. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	145 500	87 300
21. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Svíþjóð	169 000	93 890
22. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Svíþjóð	85 000	45 435
23. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Noregur	8 300	4 980
	Samtals	3 081 000	1 816 766

Að auki hefur Bygðastofnun lánað 25 millj. kr. til skips nr. 12 og 2 millj. kr. til skips nr. 18.

Ósamræmi það, sem er milli svara við 1. og 2. spurningu, er vegna þess annars vegar að samið hefur verið um smíði á fleiri skipum og fyrirgreiðsla tryggð til fleiri skipa en smíði er hafin á, hins vegar er eitt skip í smíðum erlendis sem ekki hefur fengið lán frá Fiskveiðasjóði.

3. Skip í smíðum í íslenskum skipasmíðastöðvum.

Skipaskoðun ríkisins upplýsir að nú séu 16 þilfarsskip í smíðum í íslenskum skipasmíðastöðvum, þar af eitt 250 tonn hjá Stálvík hf. og annað 80 tonn hjá Mánavör, Skagaströnd. Hin eru 10 tonn og minni. Auk þess eru 63 opnir bátar í smíðum innan lands, 10 tonn og minni. Hafa verður fyrirvara á fjölda opinna báta þar sem þessir bátar eru allir smíðaðir í raðsmíði og eftirlit með smíði þeirra fer fram með skyndiskoðunum. Sökum þess hve smíðatími þessara skipa er stuttur getur fjöldi þeirra, sem eru í smíði, breyst frá degi til dags. Til viðbótar þessu má greina frá því að fljótlega eftir áramótin mun Slippstöðin hf. á Akureyri hefja smíði á tveimur 220 tonna fiskiskipum.

4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að innlendir skipasmíðaiðnaður líði ekki undir lok?

Svar: Já.

5. Viðhald og nýbyggingar skipa innan lands.

Hér verða stuttlega rakin helstu atriði sem iðnaðarráðherra hefur staðið að og varða íslenskan skipasmíðaiðnað.

Hinn 6. ágúst 1987 skrifaði iðnaðarráðherra bréf til sjávarútvegsráðherra þar sem hann lýsti óskum Félags dráttarbrauta og skipasmíðja um „að athugað verði hvort úthlutun veiðiheimilda og ákvörðun á stærðarmörkum skipa við endurnýjun vegna úreldingar megi haga svo að mörkin verði rýmri fyrir þau skip sem smíðuð eru innan lands en þau sem smíðuð eru erlendis“.

Í bréfinu segir enn fremur:

„Þar sem hér er um mál að ræða er varðar stjórn fiskveiða fer ég þess á leit að sjávarútvegsráðherra hlutist til um að nefnd sú, er falin verður endurskoðun fiskveiðistefnunnar, hafi samráð við hagsmunaaðila skipaiðnaðar og fjalli sérstaklega um þessi mál.“

Fulltrúar skipasmíðaiðnaðar fengu tækifæri til að lýsa sjónarmiðum sínum á fundi þeirrar nefndar sem vann að gerð frumvarps um stjórn fiskveiða.

Enn fremur hefur iðnaðarráðherra beitt sér fyrir því að nýjar mælingareglur skipa verði ekki til þess að íslenskar skipasmíðastöðvar missi áður fengin verkefni. Hér er um að ræða að skip, sem áður mældust undir 10 brl., mælast samkvæmt hinum nýju reglum yfir 10 tonnum og hafa þar af leiðandi ekki veiðiheimildir samkvæmt núgildandi lögum um fiskveiðistjórn. Hinn 6. október sl. skrifaði iðnaðarráðherra bréf til sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra þar sem segir:

„Félag dráttarbrauta og skipasmíðja hefur leitað til iðnaðarráðuneytisins vegna vandamála sem upp hafa komið í kjölfar nýrra mælingareglna skipa sem tóku gildi 1. júlí sl. Samkvæmt þeim mun stærð skipa breytast, m.a. þannig að bátar, sem hingað til hafa mælst rétt um eða undir 10 brl., munu mælast yfir 10 tonnum.

Þegar hinar nýju mælingareglur tóku gildi höfðu nokkrar skipasmíðastöðvar samið um smíði allmargra báta af þessari stærð. Breyttar reglur hafa áhrif á veiðiheimildir þessara báta samkvæmt núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Þess vegna skiptir miklu máli fyrir samningsaðila hvernig nýjur reglur um veiðiheimildir verða og frá hvaða tíma þær munu taka gildi fyrir þessa báta.

Iðnaðarráðuneytið álitur að eðlilegt sé að viss aðlögun verði gefin í þessu efni þannig að sömu reglur verði látnar gilda um báta sem samið var um smíði á fyrir 1. júlí sl. og báta sem tilkynnt hafði verið um til Siglingamálastofnunar ríkisins fyrir þann tíma. Það er ljóst að undirbúningur undir smíði þeirra var hafinn fyrir umrædda dagsetningu eins og meðfylgjandi gögn bera með sér.

Ráðuneytið óskar hér með eftir samstarfi við sjávarútvegsráðuneytið og samgönguráðuneytið til þess að finna lausn á þessu máli og skilgreina eðlilega aðlögun að hinum nýju reglum fyrir framleiðendur og kaupendur þessara báta.“

Í frumvarpi því um stjórn fiskveiða, sem nú er til umræðu á Alþingi, er miðað við gömlu mælingareglurnar. Hins vegar hafa viðhorf breyst þar sem nú er gert ráð fyrir aflatakörkunum til báta 6–10 brl. og má því búast við að eftirspurn eftir þessum bátum minnki. Í frumvarpinu er að finna ákvæði þar sem að nokkru er komið til móts við sjónarmið þau sem lýst er í bréfinu, þ.e. að bátar, sem smíði er sannanlega hafin á fyrir gildistöku laganna, eigi kost á sambærilegu veiðileyfi og eldri bátar enda hafi verið gerður bindandi samningur um sölu þeirra fyrir sömu tímamörk (f-liður 10. gr.).

Iðnaðarráðherra kynnti í ríkisstjórninni hinn 28. október sl. óskir Slippstöðvarinnar hf. um smíði tveggja fiskiskipa á lager. Landsbankinn og Byggðastofnun hafa ákveðið að aðstoða við lánsfjárútvægum enda verða eldri skip tekin úr umferð þegar nýju skipin halda til veiða. Smíði þessara skipa mun hefjast strax eftir áramót.

Samkvæmt tillögu iðnaðarráðherra samþykkti ríkisstjórnin að inn í frumvarp til lánsfjárlaga kæmi heimild til erlendar lántöku að upphæð 200 millj. kr. sem áætlaðar eru til viðgerðar og endurbóta á fiskiskipum í skipasmíðastöðvum hér á landi. Byggðastofnun mun hafa milligöngu um lánin eins og undanfarin ár.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga er heimild til Baldurs hf. Stykkishólmi til að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 millj. kr. til smíði á ferju. Ferja þessi verður smíðuð hjá Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts hf. Akranesi.

Iðnaðarráðherra telur enn fremur nauðsynlegt að bregðast við óréttmætum undirboðum erlendis frá. Það verður best gert með því að beita sér fyrir fríverslun á alþjóðavettvangi og styðja alþjóðlega viðleitni til að draga úr ríkisstyrkjum og öðrum aðgerðum sem mismuna atvinnugreinum. Mun iðnaðarráðherra fylgja þessu máli eftir bæði á vettvangi iðnaðarráðherra Norðurlanda og iðnaðarráðherra OECD-landa. Þá er þess að geta að iðnaðarráðherra ræddi á fundi með Karl-Heinz Narjes, framkvæmdastjóra iðnaðarmála hjá Evrópubandalaginu, styrktaraðgerðir við einstakar iðngreinar og lagði áherslu á að slíkar aðgerðir af hálfu aðildarríkja Evrópubandalagsins spilltu samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem ekki njóta opinberra styrkja. Þetta á ekki síst við um skipasmíðar.

Áfram verður unnið með íslenskum hagsmunaaðilum að því að styrkja samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar gagnvart erlendum skipasmíðastöðvum og hefur ráðherra óskað eftir tilögum frá Félagi dráttarbrauta og skipasmíðja um það efni.